

**Sp. 405. Tillaga til þingsályktunar [193. mál]**

um notkun innlendrar orku til upphitunar húsa í Norðurlandskjördæmi eystra.

Flm.: Ingi Tryggvason, Ingvar Gíslason, Stefán Valgeirsson,  
Jón G. Sólnes, Lárus Jónsson, Stefán Jónsson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðuneytinu að beita sér fyrir gerð áætlunar um notkun og dreifingu innlendrar orku til hitunar húsa í Norðurlandskjördæmi eystra, ásamt kostnaðaráætlun um nauðsynlegar endurbætur á dreifikerfi raforku. Kostnaður við áætlunargerðina greiðist úr ríkissjóði.

**Greinargerð.**

Með þingsályktunartillögu þessari er ráð fyrir því gert, að iðnaðarráðuneytið beiti sér fyrir áætlunargerð um notkun innlendra orkugjafa til upphitunar húsa á ákveðnu landssvæði, nánar til tekið í Norðurlandskjördæmi eystra. Þykir flutningsmönnum mjög tímabært, að slík áætlun sé gerð nú þegar, þar sem líkur benda til að innan skamms verði beisluð nægileg orka á svæðinu til að fullnægja húshitunarþörf. Miklu máli skiptir, að á þeim tímamótum, sem nú virðast vera í orkumálum norðlendinga, sé sem gerst að því hugað, hvernig dreifing og nýting þessarar orku verði sem haganlegast fyrir komið.

Flutningsmönnum er ljóst, að um allt land er þörf slíkra áætlana sem hér er gert ráð fyrir. Hins vegar er nú ljósara í Norðurlandskjördæmi eystra en víða annars staðar, hverjir möguleikar eru fyrir hendi um öflun heits vatns til upphitunar húsa. Þess vegna er nauðsynlegt að gera sem fyrst úttekt á því, hvar henta muni að nota heitt vatn og hvar raforku til húsa hitunar. Bráð nauðsyn er fyrir sveitarstjórnir og einstaklinga að þessir aðilar eigi leiðbeininga kost í þessu efni. Að dómi flutningsmanna ber fyrst og fremst að skoða þessi mál frá almennu þjóðhagslegu sjónarmiði, þar sem gera verður ráð fyrir, að þeir tímar komi, að þessir orkugjafar verði verðlagðir sem jafnast til sambærilegra nota.

Þá er nú mjög tímabært að gera áætlun um dreifingu raforku til húsa hitunar og annarra almennra nota á umræddu landssvæði. Rafvæðing svæðisins hefur að miklu leyti verið við það miðuð, eins og reyndar víðast annars staðar, að brýnustu þörfum orkudreifingar til heimilisnota væri fullnægt. Ef taka á upp almenna notkun rafmagns til húsa hitunar á þeim svæðum, sem heitt vatn nær ekki til, þarf víða að styrkja og endurbæta dreifikerfið. Nauðsynlegt er að fá úr því skorið sem fyrst, hvar endurbóta er þörf og hvað þær kosta.

Einnig er nauðsynlegt að taka til athugunar breytingu dreifikerfisins úr einum fasa í þrjá. Aukin almenn notkun rafmagns í dreifbýli veldur því, að sífellt eykst nauðsyn þess, að notendur njóti almennt þriggja fasa rafmagns, en alkunna er, að einfasa rafmótorar eru um það bil þrisvar sinnum dýrari en þriggja fasa mótorar, auk þess sem ending hinna fyrrnefndu er minni.